

## Atlaskortadiskur LMÍ

# Öll Atlaskortin á einum disk

Nýr geisladiskur „Atlaskort Landmælinga Íslands“ er kominn á markaðinn. Þar eru Atlasblöðin 87 að tölu í mælikvarða 1:100 000 gefin út á einum disk ásamt skoðunarhugbúnaðinum VisIT 4.22 frá dönsku kortastofnuninni. Kortin sem ná yfir allt landið eru samsett þannig að hægt er að skoða þau í einu lagi án þess að þurfa að „hoppa“ á milli blaða. Raunverulegur flötur á hverju prentuðu kortblaði er 40x44 cm. Væru öll kortin sett saman yrði flöturinn 4x5 metrar.

### Margir góðir kostir

Á disknum er nafnaskrá með yfir 3000 örnefnum og auðvelt að kalla fram á skjáinn ákveðna staði á korti. Margir aðrir kostir bjóðast við skoðun á kortunum eins og að mæla fjarlægðir og

flatarmál, leit í örnefnum, útprentun, leit að hnitum í mörgum hnitakerfum og tenging við GPS staðsetningatæki.

Atlasblöðin eru þekktustu kortin sem byggja á vinnu dönsku landmælingamanna sem mældu og kortlögðu allt Ísland á fyrstu fjórum áratugum síðustu aldar. Verkið var gríðarlega umfangsmikið og oft

unnið við erfiðar aðstæður. Er talið að 1000 manna hafi farið í það í heild. Öll Atlasblöðin hafa margoft verið uppfærð og endurútgefin, síðast 1989.

Að sögn Þorvaldar Bragasonar for-



Gunnar H. Kristinsson og Brandur Sigurjónsson höfðu umsjón með tæknilegri vinnslu Atlaskortadisksins.

stöðumans upplýsingasviðs LMÍ er markmiðið að koma sem mestu af útgefnum kortum stofnunarinnar til almennings á stafrænu formi með þessum hætti.

## Ferðakort í mælikvarða 1:250 000

# Nýju ferðakortin saman í öskju

Í sumar var gefið út þriðja og síðasta kortið í flokki nýrra ferðakorta í mælikvarða 1:250 000. Nýju kortin fást nú í gjafaöskju ásamt 72 bls. nafnaskrá með yfir 15.000 örnefnum og vegalengdatöflu.

Að sögn Gunnars H. Kristinssonar sölustjóra LMÍ marka kortin tímamót fyrir ýmissa hluta sakir. „Nýi kortaflokkurinn er gerður sérstaklega með

þarfir ferðamanna í huga og er í einkar handhægu broti sem hentar vel á ferðalögum. Skörun þeirra gerir það að verkum að góð heildarsýn fæst yfir þekktustu ferðamannaslóðir. Öll vinnsla nýrra korta er orðin stafræn sem auðveldar allar breytingar og þróun kortanna og er stefnt að því að endurprenta þau á tveggja ára fresti,“ segir Gunnar H. Kristinsson.

### Helstu upplýsingar fyrir ferðamenn

Á kortunum eru allar almennar staðfræðiupplýsingar, hæðarskygging og 50 metra hæðalínubil. Þar eru helstu upplýsingar um vegi, s.s. veganúmer og vegalengdir, þá eru merkingar fyrir helstu staði þar sem þjónusta er í boði

fyrir ferðamenn s.s. gistingu, tjaldsvæði, bensínafgreiðslur, sundlaugar, bátsferðir og golfvelli. Á kortunum er enn fremur að finna upplýsingar um söfn, friðlýstar minjar, upplýsingamiðstöðvar, hring-sjár, bæi í byggð og eyðibýli svo eitthvað sé nefnt. Skýringar eru á íslensku, ensku, frönsku og þýsku.



## LMÍ á atvinnuvegasýningunni EXPO 2003

Í lok september tóku Landmælingar Íslands þátt í atvinnuvegasýningunni EXPO 2003 „Þeir fiska sem róa“ ásamt 70 öðrum fyrirtækjum og stofnunum á Akranesi. Sýningin var mjög vel sótt og er talið að hátt í 7000 manns hafi lagt leið sína í Íþróttamiðstöðina að Jaðarsbökkum þar sem fyrirtækin sýndu það helsta sem þau hafa uppá að bjóða. LMÍ kynntu nýjar vörur stofnunarinnar, nýja útgáfu ferðakorta, kortadiska og stafræna gagnagrunna sem gestir sýndu mikinn áhuga.



## Fundur stjórnenda norrænna kortastofnana

Forstjórar og nokkrir helstu stjórnendur kortastofnana á Norðurlöndum héldu fund hér á landi í sumarlok. Fundir sem þessir eru haldnir árlega til skiptis á Norðurlöndunum en stofnanirnar hafa með sér víðtækt samstarf samkvæmt sérstökum samningi.

Á fundinum var m.a. fjallað um stöðu stofnananna í hverju landi, farið yfir samstarfsverkefni, kynntar niðurstöður verkefnahópa og fjallað um sameiginlega sýn í ýmsum málum sem m.a. er unnið eftir í samstarfi Evrópulanda á sviði landupplýsinga og kortagerðar. Framkvæmd fundarins þótti takast mjög vel í alla staði. Auk Landmælinga Íslands stóð Fasteignamat ríkisins að fundinum sem haldinn var á Hótel Glym á Hvalfjarðarströnd.



## Vestnorden 2003 í Færeyjum

Vestnorden ferðakaupstefnan var haldin í Þórshöfn í Færeyjum í september s.l. þar sem ferðaþjónustuaðilar á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi kynntu þjónustu sína fyrir erlendum ferðaskrifstofum. Landmælingar Íslands kynntu þar meðal annars ferðakort og margmiðlunardiska sem njóta vaxandi vinsælda meðal erlendra ferðamanna. Vel var staðið að kaupstefnunni af hálfu frænda vorra Færeyinga.

# Eftirgerð gamallar vörðu hlaðin á Safnasvæðinu á Akranesi

Landmælingavarða var vígð á safnasvæðinu á Akranesi í ágúst í sumar. Varðan er eftirgerð vörðu sem hlaðin var af dönskum landmælingamönnum á Heiðarhorni á Skarðsheiði sumarið 1906. Tilgangur vörðuhleðslunnar var að minna á fyrirhugaða opnun sýningar á sögu landmælinga og kortagerðar í Safnaskálanum að Görðum.

Við vígsluathöfnina færði Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands, Peter Jakobsen forstjóra dönsku kortastofnunarinnar mynd sem



Magnús Guðmundsson forstjóri LMÍ afhendir Peter Jakobsen forstjóra dönsku kortastofnunarinnar eintak af myndinni frá 1906.

danska herforingjaráðsins við áður tekin var árið 1906 af mælingamönnum

danska herforingjaráðsins við áður nefnda vörðu.

## Sýning LMÍ að Görðum

Unnið er að uppsetningu á sýningu LMÍ í Safnaskálanum að Görðum. Umhverfisráðherra mun opna sýninguna 5. desember í tengslum við kynningarráðstefnu um IS 50V verkefnið.

LMÍ gerði samning við Þjóðmenningarhúsið um að varðveita og setja upp í hluta sýningarrýmisins sýninguna „Íslandsmynd í mótun - áfangar í kortagerð“ en hún fjallar um kortagerð á Íslandi frá fyrstu tíð til aldamótanna 1900. LMÍ stóðu að þeirri sýningu

ásamt Þjóðmenningarhúsi, Háskólabókasafni – Landssbókasafni, Seðlabanka Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og Árnastofnun.

Í öðrum hluta sýningarrýmisins er verið að setja upp sögu loftmynda á Íslandi, sögu kortagerðar og landmælinga Dana hér á landi, sögu Landmælinga Íslands og nýtingu nýrrar tækni á sviði landupplýsinga.

Lokahluti sýningarinnar verður tilbúinn fljótlega á árinu 2004.



Þorvaldur Bragason forstöðumaður upplýsingasviðs LMÍ og Vignir Jóhannsson myndlistarmaður hafa umsjón með efnisvali, framsetningu og uppsetningu sýningarinnar.

# Viðhorf almennings er jákvætt

Í nýlegri könnun á vegum IM Gallup kom fram mjög jákvætt viðhorf almennings til Landmælinga Íslands og vörugæði þykja mikil.

Niðurstöðurnar voru þær að 81% eru jákvæðir í garð stofnunarinnar, 16% hvorki né og 3% neikvæðir. Hins vegar álíta 87% að gæði vara hjá LMÍ séu frekar

mikil eða mikil, 9% svara hvorki né og 5% telja gæðin frekar lítil eða lítil. Upphaflegt úrtak var 1250 manns og var svarhlutfall 67,9%. Niðurstöðurnar eru taldar mjög góðar fyrir stofnunina og ekki síst í samanburði við sambærilegar spurningar og kannanir sem IM Gallup hefur unnið fyrir önnur fyrirtæki og stofnanir á markaðnum.

"Niðurstöðurnar eru mjög góðar fyrir stofnunina og þær eru hvatning til að




halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið á undanförunum misserum. Þær hvetja okkur til að gera enn betur í að koma til móts við áhuga og þarfir þeirra sem þurfa á kortum og öðrum gögnum frá stofnuninni að halda," segir Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands.

LMÍ munu áfram láta gera slíkar kannanir með reglulegu millibili í samræmi við gæðastefnu stofnunarinnar.

## Nýjar gervitunglamyndir


Landmælingar Íslands eru um þessar mundir að festa kaup á nýjum gervitunglamyndum af Íslandi í samstarfi við margar opinberar stofnanir.

Myndirnar eru teknar úr gervitunglinu Spot-5 sem skotið var á loft árið 2002 og olli straumhvörfum í fjarkönnun. Greiniehæfnin er mjög mikil eða 2,5 metrar sem opnar nýjar leiðir í kortagerð og söfnun landupplýsinga. Kostnaðurinn nemur um 50 milljónum króna en um 60 myndir þarf til að ná yfir allt landið. Þanta þarf myndatökuna fyrirfram og aðeins eru keyptar skýjalausar myndir. Á síðustu tveimur árum hafa náðst myndir af fjórðungi landsins. Myndirnar munu nýtast á fjölmörgum sviðum vísindarannsókna ýmissa stofnana, við uppfærslu á IS 50V gagnagrunninum og við framsetningu á stafrænum gögnum á geisladiskum.



## Fyrsta útgáfa EuroGlobalMap

Landmælingar Íslands eru aðilar að samstarfsverkefni þar sem unnið er að gerð fyrstu útgáfu lagskipts gagnasafns í mælikvarða 1:1 000 000 af Evrópu. Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem nefnist Global Map og miðar að gerð slíks gagnasafns af öllum löndum heims. Þekjurnar sem unnar hafa verið eru m.a.: Stjórnsýslumörk, vatnafar, samgöngur, þéttbýlisstaðir og örnefni. 30 lönd í Evrópu eiga aðild að verkefniinu. Notagildi gagnasafnsins verður mjög mikið og nýtist m.a. í þróun skipulags- og umhverfismála í Evrópu. Evrópusambandið er nú þegar byrjað að nota þetta gagnasafn.



## Uppbyggingu hæðarnetsins haldið áfram

Í sumar var hallamælt á Vesturlandi og á hálendinu yfir Sprengisand. Mælingar gengu vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður en á köflum hamlaði veður mælingum á hálendinu. GPS-mælingar fóru einnig fram á Vesturlandi ásamt því að mælt var á Norður- og Norðausturlandi. Þyngdarmælingar fóru fram samhliða GPS-mælingum á Vesturlandi sem og á hálendinu en auk þess á leiðinni frá Vík til Reykjavíkur.

Að sögn Þórarins Sigurðssonar forstöðumanns mælingasviðs LMÍ tekur

um fjögur til fimm ár að mæla það sem eftir er til að ljúka uppbyggingunni á hæðarnetinu miðað við sömu afköst og undanfarin ár. Undirbúningur fyrir endurmælingu á grunnstöðvanetinu 2004 er hafinn. Reglugerð frá árinu 1999 kveður á um að netið skuli endurmælt eigi sjaldnar en á 10 ára fresti. Endurmælingin verður eitt stærsta verkefni stofnunarinnar á næsta ári og munu margir opinberir aðilar koma að verkunni ásamt LMÍ.

# Fyrsta útgáfa gagnagrunnsins IS 50V

Kynningarráðstefna á Akranesi 5. desember nk.

Þann 5. desember næstkomandi mun fyrsta útgáfa IS 50V verða kynnt. IS 50V er heildstæður stafrænn gagnagrunnur af öllu landinu, byggður á kortum í mælikvarðanum 1:50 000. Gagnagrunnurinn mun nýttast sem kortgrunnur jafnt sem landfræðilegt upplýsingakerfi. Hann byggist á sjö þekjum sem eru vatnafar, hæðarlínur, yfirborð, samgöngur, mannvirki, örnefni og mörk. Gögnin eru ætluð til nota í landfræðilegum upplýsingakerfum stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja við hin fjölbreyttustu verkefni í samfélaginu. Notagildi stafrænna kortagagna er mjög mikið þar sem hægt er að tengja við þau margvíslegar upplýsingar.

## Helsta verkefni LMÍ

IS 50V hefur verið eitt helsta verkefni Landmælinga Íslands síðastliðin fimm ár en vinna við það hófst árið 1998 og var þá áætlað að fyrsta útgáfa heildargrunnsins yrði tilbúin í árslok 2003 sem nú hefur gengið eftir. Mikil áhersla var lögð á samvinnu við aðrar sérhæfðar stofnanir við framleiðslu gagnanna. Af innlendum samstarfsaðilum má nefna: Orkustofnun, Vegagerðina, RALA, Náttúrufræðistofnun, Örnefnastofnun, Fasteignamat ríkisins og félagsmálaráðuneytið. Erlendir ráðgjafar og verktakar hafa einnig komið að málum.

## Kvarðinn

FRÉTTABRÉF LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Kvarðinn nr. 10, 2. tbl., 5. árg., nóv. 2003

Útgefandi: Landmælingar Íslands,

Stíllholti 16-18, 300 Akranes

Sími: 430 9000 - Fax: 430 9090

Tölvupóstur: lmi@lmi.is

Vefsíða: www.lmi.is

Ábm.: Þorvaldur Bragason

Útlit og umsjón texta: Kristján Kristjánsson

Ljósmyndir: Kristján Kristjánsson, Vigfús

Birgisson, Carsten Kristinsson og Guðni


Hannesson

Umbrot og prentun: Prentverk Akraness hf.

Kvarðinn er prentaður á umhverfisvænan G-print pappír sem vottaður er af „Hvíta svaninum.“


## Kynningarráðstefna

Í tilefni af þessari fyrstu útgáfu gagnagrunnsins verður haldin kynningarráðstefna í Bíóhöllinni á Akranesi 5. desember. Á ráðstefnunni verður uppbygging



IS 50V hefur verið eitt helsta verkefni Landmælinga Íslands síðastliðin fimm ár.

og notkun IS 50V gagnagrunnsins kynnt ítarlega í fyrirlestrum þeirra sem komið hafa að gerð hans auk þess sem sagt er frá reynslu af notkun gagnanna. Fjallað verður um þýðingu gagnagrunnsins fyrir samfélag framtíðarinnar ásamt því að boðið verður upp á fyrirspurnir og



Skipulag IS 50V

umræður. Ráðstefnustjóri verður Skúli Víkingsson jarðfræðingur.

## Opnun sýningar LMÍ

Eftir ráðstefnuna verður gestum boðið að vera viðstaddir móttöku í Safnasálanum að Görðum þar sem Siv Friðleifs-dóttir umhverfisráðherra mun opna sýningu Landmælinga Íslands. Við sama tækifæri mun fulltrúi Orkustofnunar afhenda stofnuninni eldri landmælingagögn Orkustofnunar.

Boðið er upp á sætaferðir frá Reykjavík kl. 9:00 og til baka kl. 17:00 að lokinni athöfninni að Görðum.

## Liðsheildardagar LMÍ

Landmælingar Íslands starfa samkvæmt kjörorðinu „Landupplýsingar fyrir samfélagið“ en stefnumótunarverkefni var fyrir nokkrum árum unnið fyrir tímabilið 2001 til 2006 og gert ráð fyrir reglubundinni endurskoðun stefunnar. Vel hefur gengið að ná markmiðum það sem af er tímabilinu.

Í september síðastliðnum tóku starfsmenn stofnunarinnar þátt í vinnu við að meta stöðuna og koma fram með nýjar hugmyndir fyrir endurskoðað stefnumótunarskjal. Verkefnið var jafnframt sett upp sem „liðsheildardagar“ til að styrkja hópinn og efla starfsandann. Dvalið

var í tvo daga á Hótel Rangá og tókst ferð hópsins mjög vel.

Að sögn Jóhönnu Hallsdóttur sem átti sæti í undirbúningsnefnd fyrir Liðsheildardagana er verið að vinna úr hugmyndum sem komu fram þessa daga og verða niðurstöðurnar kynntar starfsmönnum í desemberbyrjun.



Starfsmenn unnu í hópum og komu margar góðar hugmyndir fram.